Hvað á að gera við rigninguna?

Innleiðing blágrænna ofanvatnslausna í samstarfi Veitna og Reykjavíkurborgar

Heiða Aðalsteinsdóttir

Þegar við erum tengd.

Fráveitukerfi Veitna í tölum

Skerjafjarðarveita og sundaveita



Kerfið í tölum
- 1.107 km fráveitulagna
- 17 dælustöðvar/dælubrunnar
- 2 hreinsistöðvar
- 3 útrásir

Þjónar ~ 200 þúsund íbúum

Samsetning kerfisins breytileg eftir aldri lagna:
- Tvöfalt kerfi (55%)
- Blandað kerfi (45%)

Ný reglugerð – auknar kröfur

Reglugerð 1450/2025 – innleiðing hafin

Skýrari hreinsunarkröfur

- Skýrari losunarmörk
- Innleiðing á 1. þreps hreinsun fyrir lok 2027
- Iðnaður „polluter pays“

Auknar kröfur til fráveitukerfa


- Aðskilnaður ofanvatns
- Stýring yfirfalla
- Aukin vöktun

Breytt nálgun

- Fráveita sem hluti af hringrás
- Aukin nýting afurða


Kröfurnar aukast – en útþynning ræður kostnaði og árangri

Samsetning rennslis í fráveitukerfinu
Útþynntasta skólp í Evrópu



Áhætta og þrýstingur á kerfið næstu áratugi

Fyrirséð að þrýstingur á kerfin aukist verulega á næstu áratugum.



Kerfislegur þrýstingur og aukið álag á eldri innviði

- Ofanvatn og bakvatn
- Flöskuhálsar
- Þétting byggðar
- Tengingar og vöxtur annara sveitafélaga

Ytri breytingar

- Loftslagsbreytingar með breyttu úrkomumynstri
- Hækkun sjávarmáls


Lagaumhverfi

- Vaxandi hreinsunarkröfur

VEITUR

Áhætta og þrýstingur á kerfið næstu áratugi

Aukin úrkoma og ákafari atburðir



Fleiri og ákafari úrkomuatburðir – meira toppálag á innviði borgar og fráveitu

Fólksfjölgun kallar á stærra veitukerfi




Fólksfjöldi á Íslandi

- 2014: 325.000
- 2026: 400.000
- 2038: 510.000

VEITUR


Stærðargráða verkefnisins í samhengi Veitna

Eitt stærsta einstaka innviðaverkefni Veitna



Stærðargráða verkefnisins

Í samhengi við önnur stór samfélagsleg innviðaverkefni




Blágrænar ofanvatnslausnir

VEITUR

Blágrænar ofanvatnslausnir





- Blágrænar ofanvatnslausnir nýta **gróður, jarðveg, landslag, tjarnir og opna farvegi** til að taka við regnvatni, hreinsa það, hægja á rennsli og leiða um öruggar flóðaleiðir. Þær líkja þannig eftir náttúrulegri hringrás vatnsins.

Blágrænar ofanvatnslausnir


Forgangsmál fráveitu til framtíðar

Án aðgerða

- Ofanvatn fer í fráveitu
- Toppálag í úrkomu
- Yfirföll og neyðarútslepp
- Óstöðug hreinsun
- Hærri kostnaður

Með ofanvatnslausnum

- Jafnara rennsli
- Rýmd í kerfinu
- Stöðug hreinsun
- Lægri kostnaður



Hvað er fengið með innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna?

- **Betri nýting fjárfestinga**, þar sem sama svæði getur bæði miðlað vatni og þjónað sem grænt almenningsrými
- Minni **flóðahætta** og aukið **öryggi**
- **Minna álag** á fráveitukerfi og hreinsistöðvar
- Betri **vatnsgæði** og **minni mengun**
- **Grænni**, **heilnæmari** og **lífvænlegri borg**

VEITUR

Sameiginlegur stýrihópur um innleiðingu blágrænna ofanvatnslausna

Við skipan hópsins verði þess gætt að innan hans séu einstaklingar með **umboð** til **skjótra ákvarðana** ásamt þekkingu á **skipulagsmálum**, **hönnun**, **framkvæmdum** og **rekstri borgarlands**, **fráveitu** og **meðferð ofanvatns**

- Guðmundur B. Friðriksson, Rvkborg
- Hjördís Sóley Sigurðardóttir, Rvkborg
- Karl Eðvaldsson, Rvkborg
- Rúnar Gísli Valdimarsson, Rvkborg
- Silvá Kærnested, Rvkborg
- Brynja Ragnarsdóttir, Veitum
- Laufey Lilja Ágústsdóttir, .Veitum

Heiða Aðalsteinsdóttir, formaður stýrihóps

Sameiginlegum stýrihópi Reykjavíkurborgar og Veitna er falið að

- Skýra hlutverk, ábyrgð og verkaskiptingu
- Móta sameiginlegan ramma fyrir heildstæða meðferð ofanvatns í Reykjavík
- Samræma kröfur, viðmið og verkferla
- Móta verklag um framkvæmd, rekstur og viðhald

Hlutverk stýrihópsins er að **skapa sameiginlegan ramma** Reykjavíkurborgar og Veitna fyrir markvissa innleiðingu, rekstur og viðhald blágrænna ofanvatnslausna í Reykjavík.

Verkefni	Staða
Stöðumat á núverandi verklagi og ferlum	Lokið
Grunngreiningar á meginrennslisleiðum og flóðasvæðum – forsendur í skipulag	„Næstum“ lokið (nóv 2026)
Tilraunaverkefni – nýtt hverfi	Á upphafsstigum
Tilraunaverkefni – byggt hverfi	Ekki hafið
Leiðbeiningar	Ekki hafið
Innleiðing í verkferla	Ekki hafið
Uppbygging þekkingar – samráð	Ekki hafið
Gatagreining á regluverki og tillögur að úrbótum	Hafið

Hallar

Tilraunaverkefni til innleiðingar ofanvatnsramma



- Hallarnir eru tilraun til að læra hvernig Reykjavíkurborg og Veitur vinna með ofanvatnsramma í raunverulegu skipulagsverkefni.

Verkefnið svarar lykilspurningunni

- Hvernig tryggjum við frá upphafi að skipulag, yfirborð og lagnakerfi myndi eina hagkvæma heild?

Hvaða viðfangsefnum stýrihóps svarar tilraunaverkefni í Höllum?



- Helstu afurðir
  - Ofanvatnsrammi fyrir heilt vatnasvið (minnsta mögulega greiningareining)
  - Sameiginleg gögn og forsendur
  - Verkferill milli USK og Veitna
  - Kröfur sem hægt er að endurnýta annars staðar
  - Tillaga að nýrri nálgun forsendna inn í skipulag í Reykjavík
  - Sýn á ábyrgðarskiptingu milli Reykjavíkurborgar og Veitna

Áhætta af því að fara ekki í verkefnið



- Við höldum áfram að þróa skipulag og fráveitu sitt í hvoru lagi
- Við lærum ekki af Höllum áður en næstu stóru uppbyggingarsvæði fara af stað
- Við fáum ekki raunprófun á ábyrgðarskiptingu og forsendum

Fyrir hönd stýrihóps Veitna og Reykjavíkurborgar

Takk fyrir áheyrnina

VEITUR